



Ritun og tjáning

ÍSLE3RT05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2019

Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýnninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta
- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

Námsefni: Efni frá kennara.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila öllum verkefnum áfangans.

15%	Skrudda – verkefni á Innu.
10%	Handrit
20%	Ritunarverkefni
10%	Kvikmyndaverkefni
20%	Smásagnalestur, umfjöllun og verkefni
15%	Lokaverkefni
10%	Alúð, mæting og virkni

Vinnuáætlun - Ritun og tjáning haustönn 2019

Dags	Hvað á að gera?
19. – 23. ágúst	Kynning áfangans. Upphitun.
26. – 30. ágúst	Skapandi skrif, ritunarverkefni. Einu völdu verkefni skilað í lok vikunnar. Umfjöllun um handrit, persónusköpun og fleira. <i>Skrudda 1: Skapandi skrif.</i>
2. – 6. sept	Að semja og sviðsetja leikrænan texta (handrit). Einstaklings- eða paraverkefni. <i>Skrudda 2: Handrit og hugtök.</i>
9. – 13. sept.	Að semja og sviðsetja leikrænan texta (handrit) – áframhaldandi vinna. Handriti skilað í lok vikunnar. <i>Skrudda 3: Leiksýningin þín.</i>
16. – 20. sept.	Valin smásaga lesin, greind og fjallað um hana. Smásagnagreiningu skilað munnlega.
23. – 27. sept.	Smásögur að eigin vali lesnar, greindar og þær bornar saman. Smásagnagreiningu skilað skriflega. <i>Skrudda 4: Hvernig smásögu myndir þú skrifa?</i>
30. – 4. okt.	Smásögur að eigin vali lesnar og unnið verkefni úr þeim. Smásöguverkefni skilað í lok vikunnar. <i>Skrudda 5: Hvernig finnst þér að góð smásaga eigi að vera?</i>
7. – 11. okt. Miðannarmat	Tjáningarform. <i>Skrudda 6: Tjáningarform.</i>
14. – 18. okt. Áfangamessa + haustfrí	Tjáningarform. Undirbúningur kjörbókarverkefnis. <i>Skrudda 7: Kjörbók.</i>
21. – 25. okt. Valdagur	Kjörbókarverkefni.
28. – 1. nóv.	Kjörbókarverkefni.
4. – 8. nóv.	Kvikmyndaverkefni.
11. – 15. nóv. Dagur Íslenskrar tungu	Ýmis verkefni. Undirbúningur lokaverkefnis. <i>Skrudda 8: Túlkun, lestur og fleira.</i>
18. – 22. nóv.	Lokaverkefni. <i>Skrudda 9: Lokaverkefni.</i>
25. – 29. nóv.	Lokaverkefni. <i>Skrudda 10: Áfanginn.</i>
2. – 6. des. Síðasti kennsludagur	Kynningar lokaverkefna.
9. – 13. des	Námsmat alla vikuna
16. – 20. des.	Sjúkrapróf mán 16.des – brautskráning á fös.20.des.

Með von um góða samvinnu.

16. ágúst 2019

Guðbjörg Grímsdóttir